



Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands (EBÍ).

HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Stefnuáhersla S3 – Ábyrg stjórnun og aðgerð 3.1 – Siðareglur

Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum og skilgreina þá háttsemi sem ætlast er til að stjórn og starfsfólk EBÍ sýni af sér við störf sín fyrir EBÍ.

Stjórn og framkvæmdastjóri EBÍ bera ábyrgð á að ávallt sé unnið eftir lögum og samþykktum EBÍ. Starf EBÍ byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, sjálfbæra þróun og jákvæð áhrif í starfsemi EBÍ á umhverfið og samfélagið. Markmið EBÍ er að starfsemi þess sé skilvirk, árangursmiðuð og grundvallist hverju sinni á sérfræðipækkingu og traustum upplýsingum samstarfsaðila.

Stjórn EBÍ skal hafa það markmið að stuðla að góðum starfsháttum hjá EBÍ og góðum innri og ytri samskiptum. Bæði stjórn og starfsfólk tileinkar sér þekkingu og ber ábyrgð á viðfangsefnum sínum í störfum fyrir EBÍ. Stjórn skal haga störfum sínum í samræmi við starfsreglur stjórnar og með hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

Markmið EBÍ er að vera góður vinnustaður sem hefur á að skipa, hæfu, áhugasömu og metnaðarfullu starfsfólki sem sýnir frumkvæði og vilja til að taka virkan þátt í að skapa jákvætt og drífandi starfsumhverfi.

Góðir starfshættir

Stjórn og starfsfólk EBÍ sýni heiðarleika og virðingu fyrir verkefnum EBÍ og vinni samkvæmt bestu samvisku hverju sinni. Stjórn og starfsfólk skal leggja rækt við starf sitt og stunda það af fagmennsku og kostgæfni. Stjórn og starfsfólk skulu hafa metnað fyrir hönd EBÍ og gæta þess að aðhafast ekkert sem skaðar ímynd EBÍ. Áreitni af nokkru tagi getur ekki samrýmst góðum samskiptum og starfsháttum og er ekki liðin. Stjórn og starfsfólk skulu leitast við í samskiptum sínum við samstarfsaðila að skapa traust og jákvæð samskipti.

Hagsmunaárekstrar

Stjórn og starfsfólk skal vera vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaárekstrum og taka ekki þátt í meðferð máls eða ákvarðanatöku ef vafi leikur á slíku. Aðili í stjórn eða starfsfólk gerir grein fyrir hagsmunum/tengslum áður en umræður um mál sem mögulega tengjast þeim fara fram og ef vafi leikur á um hæfi þeirra.

Gjafir og ferðir

Stjórn og starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir af þjónustu- og samstarfsaðilum og frá EBÍ. Frátaldar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti til samræmis við það sem gildir í slíkum tilvikum og hafa enga fjárhagslega þýðingu fyrir viðtakanda. Allar kostnaðargreiðslur vegna funda eða kynninga skulu vera hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefnið og góðar viðskiptavenjur. Krefjist fundir og kynningar ferðalaga skal EBÍ bera kostnað vegna ferða og gistingar.

Þagnarskylda

Stjórn og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um allt það sem þau fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum og samþykktum eða vegna eðli máls.

Siðareglur EBÍ skal kynna fyrir starfsfólki og þeim sem taka sæti, í stjórn EBÍ. Siðareglurnar eru birtar á heimasíðu EBÍ.

Samþykkt í stjórn EBÍ 6. október 2023